Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 40, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 113, 30.4.2007, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 120/2007**2008/EES/9/24****frá 28. september 2007****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1899/2006 frá 12. desember 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1900/2006 frá 20. desember 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 66a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91) í XIII. viðauka við samninginn:

- „– **32006 R 1899**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1899/2006 frá 12. desember 2006 (Stjtið. ESB L 377, 27.12.2006, bls. 1),
- **32006 R 1900**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1900/2006 frá 20. desember 2006 (Stjtið. ESB L 377, 27.12.2006, bls. 176).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1899/2006 og 1900/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 40, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 377, 27.12.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 377, 27.12.2006, bls. 176.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2007****2008/EES/9/25****frá 28. september 2007****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN*1. gr.*

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32007 R 0437**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 437/2007 frá 20. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 104, 21.4.2007, bls. 16).“

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ⁽²⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 ⁽³⁾ ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 437/2007 frá 20. apríl 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽⁴⁾.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 437/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 40, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 277, 26.8.2004, bls. 175, og EES-viðbætur nr. 43, 26.8.2004, bls. 159.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 104, 21.4.2007, bls. 16.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/2007**2008/EES/9/26****frá 28. september 2007****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2006 frá 5. júlí 2006 um réttindi fatlaðs og hreyfihamlaðs fólks sem ferðast með flugi ⁽²⁾.
- 3) Taka ber tillit til þess að í Liechtenstein er lítið landrými og landshættir þar sérstakir og að afar lítið framboð er á þjónustu á sviði flugsamgangna.
- 4) Hafa ber hliðsjón af heildarflugumferð í Liechtenstein og þeirri staðreynd að ekkert reglulegt millilandaflug er í boði frá landinu og að þar er ekki önnur aðstaða til almenningsflugs en einn þyriluvöllur.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 68ab (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004) í XIII. viðauka við samninginn:

„68ac. **32006 R 1107**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2006 frá 5. júlí 2006 um réttindi fatlaðs og hreyfihamlaðs fólks sem ferðast með flugi (Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu ekki taka til aðstöðu til almenningsflugs sem nú er fyrir hendi á yfirráðasvæði Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1107/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 40, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2007**2008/EES/9/27**

frá 28. september 2007

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginnSAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/25/EB frá 5. apríl 2006 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (tilbúinnar ljósgeislunar) (nitjándi sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16jd (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/15/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„16je. **32006 L 0025**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/25/EB frá 5. apríl 2006 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (tilbúinnar ljósgeislunar) (nitjándi sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/25/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 56, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 36.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 38.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2007

2008/EES/9/28

frá 28. september 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/207/EB frá 29. mars 2007 um breytingu á ákvörðunum 2001/405/EB, 2002/255/EB, 2002/371/EB, 2004/669/EB, 2003/31/EB og 2000/45/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tiltekna vörur ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/45/EB), lið 2i (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/405/EB) og lið 2j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/255/EB):

„– **32007 D 0207**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/207/EB frá 29. mars 2007 (Stjtið. ESB L 92, 3.4.2007, bls. 16).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 2f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/371/EB), lið 2h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB) og lið 2n (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/669/EB):

„, eins og henni var breytt með:

– **32007 D 0207**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/207/EB frá 29. mars 2007 (Stjtið. ESB L 92, 3.4.2007, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/207/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 42, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 92, 3.4.2007, bls. 16.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2007

2008/EES/9/29

frá 28. september 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2000/60/EB falla úr gildi, hinn 22. desember 2007, tilskipun 75/440/EBE ⁽³⁾, með áorðnum breytingum, og tilskipun 79/869/EBE ⁽⁴⁾, með áorðnum breytingum, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmdar hinn 22. desember 2007.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2000/60/EB fellur úr gildi, hinn 22. desember 2013, tilskipun 80/68/EBE ⁽⁵⁾, með áorðnum breytingum, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmdar 22. desember 2013.
- 5) Ákvæði tilskipunar 2000/60/EB ber að túlka að teknu sérstöku tilliti til þess að markmið með aðgerðum samningsaðila á sviði umhverfismála eru skilgreind í 73. gr. samningsins, en önnur stefnumótun í EB-sáttmálanum fellur utan gildissviðs samningsins.
- 6) Í tilskipun 2000/60/EB, sem varðar þróun bandalagsaðgerða á sviði stefnu í vatnsmálum, er vísað bæði til gerða sem hafa verið felldar inn í samninginn og gerða sem hafa ekki verið felldar inn í samninginn.
- 7) Hafa ber hliðsjón af sameiginlegri yfirlýsingu sem fylgir ákvörðun þessari.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 42, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 29.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.
⁽³⁾ Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 26.
⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 271, 29.10.1979, bls. 44.
⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 20, 26.1.1980, bls. 43.

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 13c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/446/EBE):

„13ca. **32000 L 0060:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Með fyrirvara um síðari umfjöllun sameiginlegu EES-nefndarinnar ber að hafa í huga að eftirtaldir bandalagsgerðir hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn:
 - i) Tilskipun ráðsins 76/160/EBE frá 8. desember 1975 um gæði vatna til baða (baðvatnatilskipunin).
 - ii) Tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um verndun villtra fugla (fuglatilskipunin).
 - iii) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrlegra búsvæða og villtra plantna og dýra (búsvæðatilskipunin),
 - iv) Tilskipun ráðsins 79/923/EBE frá 30. október 1979 um tilskilin gæði vatns fyrir skeldýr.
 - v) Tilskipun ráðsins 78/659/EBE frá 18. júlí 1978 um gæði fersks vatns sem þarf að vernda eða bæta til að fiskur geti þrífist þar.
 - vi) Ákvörðun ráðsins 77/795/EBE frá 12. desember 1977 um að taka upp sameiginlega aðferð við skipti á upplýsingum um gæði fersks yfirborðsvatns í Bandalaginu.
- b) Frestir, sem settir eru í ii. og iii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr., ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr., c-lið 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 10. gr., 7. og 8. mgr. 11. gr., 6. og 7. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar og taldir eru frá gildistökudegi tilskipunarinnar, skulu lesnir þannig að þeir séu taldir frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007 sem hefur að geyma ákvæði um að fella tilskipun þessa inn í samninginn.

Í samræmi við 11. mgr. bókunar 1 um altæka aðlögun skulu allar tilvísanir til dagsins, sem um getur í 24. gr., lesnar sem tilvísanir til gildistökudags ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007 sem hefur að geyma ákvæði um að fella tilskipun þessa inn í samninginn.“

2. Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 75/440/EBE) og 5. liðar (tilskipun ráðsins 79/869/EBE) falli brott hinn 22. desember 2007.

3. Texti 6. liðar (tilskipun ráðsins 80/68/EBE) falli brott hinn 22. desember 2013.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2000/60/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

Sameiginleg yfirlýsing vegna ákvörðunar nr. 125/2007 sem felur í sér ákvæði um að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB inn í samninginn

„Samningsaðilum er ljóst að vötn um alla Evrópu verða fyrir fjölbreytilegu álagi og áhrifum af mannavöldum. Því getur verið mismunandi frá einu svæði til annars hvaða ráðstafana og aðgerða er þörf til að ná umhverfismarkmiðum tilskipunarinnar. Í rammatilskipuninni um vatn er tekið tillit til þessara fjölbreytilegu aðstæðna. Í henni er yfirvöldum, sem hafa framkvæmd tilskipunarinnar með höndum, látið eftir að ákveða hvaða ráðstafanir og aðgerðir henta best til að mæta ríkjandi álagi og áhrifum þannig að umhverfismarkmiðin náist.“

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2008/EES/9/30

nr. 126/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2455/2001/EB frá 20. nóvember 2001 um að taka saman skrá yfir forgangsefni að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu á tilskipun 2000/60/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 13ca (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 2455**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2455/2001/EB frá 20. nóvember 2001 (Stjtið. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. 2455/2001/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 42, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 29.

(²) Stjtið. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2007

2008/EES/9/31

frá 28. september 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/623/EB frá 24. júlí 2002 um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun ráðsins 2002/811/EB frá 3. október 2002 um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun ráðsins 2002/812/EB frá 3. október 2002 um snið samantektarskýrslu um tilkynningu í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun ráðsins 2002/813/EB frá 3. október 2002 um snið samantektarskýrslu um tilkynningu, að því er varðar tilkynningar um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/701/EB frá 29. september 2003 um eyðublað fyrir greinargerð um niðurstöður, er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi

en að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ⁽⁷⁾.

- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/204/EB frá 23. febrúar 2004 þar sem mælt er fyrir um nákvæma tilhögun við vinnslu skrána yfir upplýsingar um erfðabreytingar á erfðabreyttum lífverum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ⁽⁸⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 25c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/584/EBE):

„25d. **32001 L 0018:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (Stjtið. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi málsliðir bætist við í lok 2. mgr. 30. gr.:

„EFTA-rikin skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar án atkvæðisréttar. Gera skal breytingar á starfsreglum nefndarinnar til að EFTA-rikin geti tekið fullan þátt í störfum hennar.“

- b) Eftirfarandi komi í stað efnis 23. gr.:

„1. Hafi samningsaðili rökstuddan grun um að vara, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru og hefur verið réttilega tilkynnt og fyrir henni hefur fengist skriflegt leyfi samkvæmt þessari tilskipun, skapi hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið er þeim samningsaðila heimilt að takmarka eða banna notkun og/eða sölu þessarar vöru, sem er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttri lífveru, á yfirráðasvæði sínu. Samningsaðilinn skal tryggja að ef alvarleg hættu kemur upp verði gripið til neyðarráðstafana, svo sem tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar á markaðssetningu, og upplýsingum komið til almennings.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 42, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 200, 30.7.2002, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 280, 18.10.2002, bls. 27.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 280, 18.10.2002, bls. 37.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 280, 18.10.2002, bls. 62.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 65, 3.3.2004, bls. 20.

- Samningsaðilinn skal þegar í stað tilkynna öðrum samningsaðilum, með milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar, hvers kyns aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari grein, og færa rök fyrir ákvörðun sinni.
2. Ræða skal á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar álitamál sem varða það hvort gerðar ráðstafanir séu viðeigandi, fari samningsaðili þess á leit. Beita skal ákvæðum VII. hluta samningsins.“
- c) Samningsaðilar eru sammála um að tilskipunin taki aðeins til þátta sem varða hættu sem steðjað getur að mönnum, jurtum, dýrum og umhverfi. EFTA-ríkin áskilja sér þess vegna rétt til að beita ákvæðum landsréttar á þessu sviði í tengslum við önnur atriði en þau sem varða heilbrigði og umhverfismál, að því leyti sem slíkt er samrýmanlegt samningi þessum.
- d) Stjórnvöldum í Liechtenstein skal hvorki skylt að veita viðtöku umsóknum um fyrstu markaðssetningu erfðabreyttra lífvera né að taka slíkar umsóknir til meðferðar (12.–24. gr.). Stjórnvöld í Liechtenstein skulu þó fá í hendur allar upplýsingar frá öðrum aðildarríkjum í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar um málsmeðferð við heimildarveitingu.“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 25d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB):
- „25e. **32002 D 0623**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/623/EB frá 24. júlí 2002 um leiðbeiningar sem bætast við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (Stjtið. EB L 200, 30.7.2002, bls. 22).
- 25f. **32002 D 0811**: Ákvörðun ráðsins 2002/811/EB frá 3. október 2002 um leiðbeiningar sem bætast við VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (Stjtið. EB L 280, 18.10.2002, bls. 27).
- 25g. **32002 D 0812**: Ákvörðun ráðsins 2002/812/EB frá 3. október 2002 um snið samantektarskýrslu um tilkynningu í tengslum við að setja erfðabreyttar lífverur á markað sem vörur eða hluta af vörum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB (Stjtið. EB L 280, 18.10.2002, bls. 37).
- 25h. **32002 D 0813**: Ákvörðun ráðsins 2002/813/EB frá 3. október 2002 um snið samantektarskýrslu um tilkynningu, að því er varðar tilkynningar um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB (Stjtið. EB L 280, 18.10.2002, bls. 62).
- 25i. **32003 D 0701**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/701/EB frá 29. september 2003 um eyðublað fyrir greinargerð um niðurstöður, er varða sleppingu erfðabreyttra háplantna út í umhverfið í öðrum tilgangi en að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB (Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 1).
- 25j. **32004 D 0204**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/204/EB frá 23. febrúar 2004 þar sem mælt er fyrir um nákvæma tilhögun við vinnslu skrána yfir upplýsingar um erfðabreytingar á erfðabreyttum lífverum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB (Stjtið. ESB L 65, 3.3.2004, bls. 20).“
3. Textinn í 25. lið falli brott.
2. gr.
- Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2001/18/EB og ákvarðana 2002/623/EB, 2002/811/EB, 2002/812/EB, 2002/813/EB, 2003/701/EB og 2004/204/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.
3. gr.
- Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).
4. gr.
- Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 128/2007****2008/EES/9/32****frá 28. september 2007****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 94/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 332/2007 frá 27. mars 2007 um tæknilegt fyrirkomulag á afhendingu hagskýrslna um flutninga með járnbrautum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Ísland.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7j (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1365/2006) í XXI. viðauka við samninginn:

„7k. **32007 R 0332**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 332/2007 frá 27. mars 2007 um tæknilegt fyrirkomulag á afhendingu hagskýrslna um flutninga með járnbrautum (Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 16).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki að því er varðar Ísland.“

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 332/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 46, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 16.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2007

2008/EES/9/33

frá 28. september 2007

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2007 frá 2. febrúar 2007 um samþykkt forskriftar um sérstaka einingu um aðstæður innflytjenda og nánustu afkomenda þeirra á vinnumarkaðnum fyrir árið 2008 eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 430/2005 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 215/2007 frá 28. febrúar 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aukamarkbreytur varðandi of mikla skuldsetningu og útilokun frá fjármagni ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18aj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 341/2006):

„18ak. **32007 R 0102**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2007 frá 2. febrúar 2007 um samþykkt forskriftar um sérstaka einingu um aðstæður innflytjenda og nánustu afkomenda þeirra

á vinnumarkaðnum fyrir árið 2008 eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 430/2005 (Stjtið. ESB L 28, 3.2.2007, bls. 3).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 18ai (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 430/2005):

„, eins og henni var breytt með:

– **32007 R 0102**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2007 frá 2. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 28, 3.2.2007, bls. 3).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 315/2006):

„18t. **32007 R 0215**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 215/2007 frá 28. febrúar 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aukamarkbreytur varðandi of mikla skuldsetningu og útilokun frá fjármagni (Stjtið. ESB L 62, 1.3.2007, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 102/2007 og 215/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 46, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 32.

(²) Stjtið. ESB L 28, 3.2.2007, bls. 3.

(³) Stjtið. ESB L 62, 1.3.2007, bls. 8.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 130/2007****2008/EES/9/34****frá 28. september 2007****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 frá 25. apríl 2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um almannatryggingar (ESSPROS) ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18t (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 215/2007) í XXI. viðauka við samninginn:

„18u. **32007 R 0458**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 frá 25. apríl 2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um almannatryggingar (ESSPROS) (Stjtið. ESB L 113, 30.4.2007, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 458/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 46, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 113, 30.4.2007, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 131/2007

2008/EES/9/35

frá 28. september 2007

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan
marka fjórþætta frelsisins**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 65/2007 frá 15. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 779/2007/EB frá 20. júní 2007 um sérstaka áætlun fyrir tímabilið 2007–2013 til að fyrirbyggja og berjast gegn ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum og til að vernda fórnarlömb og áhættuhópa (Daphne III-áætlunin) sem hluta af almennu áætluninni um grundvallarréttindi og réttlæti ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2007 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

1. Ákvæði 5. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

„5. EFTA-ríkin skulu taka þátt í þeim áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í tveimur fyrstu undirliðum 8. mgr. frá 1. janúar 1996, í áætluninni sem um getur í þriðja undirlið frá 1. janúar 2000, í áætluninni sem um getur í fjórða undirlið frá 1. janúar 2001, í áætluninum sem um getur í fimmta og sjötta undirlið frá 1. janúar 2002, í áætluninum sem um getur í sjöunda og áttunda undirlið frá 1. janúar 2004 og í áætluninum sem um getur í niunda, tíunda og ellefta undirlið frá 1. janúar 2007.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. mgr.:

„– **32007 D 0779**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 779/2007/EB frá 20. júní 2007 um sérstaka áætlun fyrir tímabilið 2007–2013 til að fyrirbyggja og berjast gegn ofbeldi gegn börnum, ungu fólki og konum og til að vernda fórnarlömb og áhættuhópa (Daphne III-áætlunin) sem hluta af almennu áætluninni um grundvallarréttindi og réttlæti (Stjtið. ESB L 173, 3.7.2007, bls. 19).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2007 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 47, og EES-viðbætur nr. 56, 22.11.2007, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 173, 3.7.2007, bls. 19.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

LEIÐRÉTTING**2008/EES/9/36****Leiðrétting á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2007 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2007 breytist sem hér segir:

1. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2007“ í 3. inngangslíð komi „1. janúar 2008“.
2. Í stað orðanna „og í áætlununum sem um getur í níunda, tíunda og ellefta undirlíð frá 1. janúar 2007“ í 1. mgr. 1. gr. komi „, í áætlununum sem um getur í níunda og tíunda undirlíð frá 1. janúar 2007 og í áætluninni sem um getur í ellefta undirlíð frá 1. janúar 2008“.
3. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2007“ í 2. gr. komi „1. janúar 2008“.